

Eyðublað og leiðbeiningar vegna tillögu sveitarstjórnar að sérstökum skilyrðum fyrir úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025

Til útfyllingar fyrir þau sveitarfélög sem óska eftir að senda inn tillögu að sérstökum skilyrðum.

Ef sveitarfélög óska ekki eftir að sérstök skilyrði verði sett þá er mælt til þess að matvælaráðuneytinu verði send yfirlýsing þess efnis.

Sveitarfélag:	Vesturbyggð
Tillaga varðar hluteigandi byggðarlag/byggðarlög:	Patreksfjörður Tálknafjörður Bíldudalur Barðaströnd
Dagsetning staðfestingar sveitarstjórnar á tillögu:	Tillagan var samþykkt á 18. fundi bæjarráði þann 12. febrúar 2025 og 9. fundi bæjarstjórnar sem haldinn var 19. febrúar 2025.
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Engin breyting
Rökstuðningur varðandi breytingu á almennum skilyrðum (ákvæði 1. gr.)	Á ekki við.
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	<p>a) Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024.</p> <p>b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.</p>
Rökstuðningur varðandi breytingu viðmiðunar um úthlutun til fiskiskipa (ákvæði 4. gr.)	Horft er til verðmætaaukningar og atvinnusköpunar vegna byggðakvóta innan sveitarfélagsins í heild sinni en Vesturbyggð er fjölkjarna sveitarfélag. Framangreind tillaga að sérreglum er sambærileg þeim sérreglum sem ráðuneytið staðfesti á fiskveiðiarinu 2023/2024 fyrir Vesturbyggð.
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	
Tillaga varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	c) Á Bíldudal, Brjánslæk og Patreksfirði er fiskiskipum skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025. Á Tálknafirði er fiskiskipum skylt að landa innan byggðalagsins þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025
Rökstuðningur varðandi breytingu á löndunarskyldu eða vinnsluskyldu (ákvæði 6. gr.)	Sérregla sem snýr að Tálknafirði að skylt sé að landa byggðakvóta sem tilheyrir Tálknafirði innan byggðalags er komin til vegna sérstakra aðstæðna á Tálknafirði. Nokkuð hefur dregið úr umsvifum hafnarinnar og til að tryggja grunnþjónustu við höfnina og mæta skýru ákalli sem komið hefur frá Tálknafirði var niðurstaðan að sérstök regla myndi gilda um byggðakvóta Tálknafirðinga.

Að öðru leyti gilda sömu rök um hafnir Vesturbyggðar og fyrir fiskveiðirárið 2023/2024 þar sem horft er til verðmætaaukningar og atvinnusköpunar vegna byggðakvóta innan sveitarfélagsins í heild sinni en Vesturbyggð er fjölkjarna sveitarfélag.

Eina starfandi fiskvinnslan á sunnanverðum Vestfjörðum er staðsett á Patreksfirði. Það er því mikilvægt að skylt verði að landa afla til vinnslu innan sveitarfélagsins að undanskildum Tálknafirði þar sem löndunarskyldan miðast við byggðalag, þar sem ekki er til að dreifa öðrum fiskvinnslum í þeim byggðalögum sem úthlutað er byggðakvóta. Sérreglurnar útiloka þó ekki að ef sett verði á fót fiskvinnsla í öðrum byggðalögum innan sveitarfélagsins sé landað til vinnslu í viðkomandi byggðalagi.

Tillögur sveitarstjórnar sendist rafrænt til matvælaráðuneytis á tölpóstfangið mar@mar.is.